



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á afmælistíðingum Mímis  
12. október 1996.**

Þegar Mímir fagnar 50 ára afmæli flyt ég ykkur heillaóskir úr Bessastaðastofu, þar sem enn leikur um sali andinn úr hinum gamla skóla. Umræðan um íslensk fræði meðal Bessastaðasveina bergmálar af veggjum og bréf Jónasar og vina hans bera vitni um að margt var brallað í árdaga fræðanna.

Benedikt Gröndal lýsir því líka skemmtilega í Dægradvöl að ekki hafi skort dómhörkuna á þeirri tíð, hart hafi verið deilt á þeim mállþingum sem jafnan voru haldin í Bessastaðaskóla á öndverðri síðustu öld.

Segir svo í Dægradvöl Gröndals, fyrst um Hallgrím Skeving, doctor philosophiæ og um Fjölnismenn:

„Hann var ekki lipur, en gat þó verið gamansamur og skemtinn heima hjá sjer, alltaf alvörugefinn í skólanum; hann ritaði stíðlega bæði íslenzku og latínu; sem philolog gerði hann engin áhrif á mig, en hann unni náttúruvísindum og gat talað vel um þau og íslenzka fræði í þeirri grein, eptir því sem gera var, þó hann væri ekki náttúrufróður. Hann var frændi Jónasar Hallgrímssonar, og hafði Jónas einhverntíma komið til hans úr siglingu, þegar fyrsti uppgangurinn var í Fjölnismönnum (Venjulega er tekið ram, að endurreisn íslenzkunnar í seinni tíð sje Fjöni að þakka, og einkum Konráði og Jónasi, en menn gæta þess ekki, eða vilja ekki gæta þess, að Skeving og faðir minn lögðu grundvöllinn; Skeving hafði áhrif á Konráð, en faðir minn á Jónas og ritháttur þeirra beggja og skáldskapur Jónasar er beinlínis kominn fram af áhrifum þessara tveggja kennara, hinna ágætustu manna sem þá voru uppi og enginn hefur yfirstigið.

Hjer á landi voru þá einungis þessir tveir, sem hjeldu uppi heiðri málsins. Hinir fóru til Khafnar og stofnuðu Fjölni og svo komu nýju

Fjelagsritin, og þá tóku þessi verk öðru fram að máli, og bar meir á þeim. Þá mátti segja að aðal máttur ritmálsins væri í Kaupmannahöfn. En Konráð hefur aldrei haft nein áhrif á málfegurð í riti; hann var allur í grammatík og stafsetningu, en ritaði sjálfur þurt og stafrjett, en með engu fjöri, og þannig hafa fleiri ritað eptir honum. Jón Sigurðsson ritaði miklu fjörugra og ljettara mál. Nú aptur á móti má segja að aðalmáttur ritmálsins sje horfinn hingað, því það sem ritað er á íslenzku í Khöfn, er þannig úr garði gert að jeg leiði það hjá mjer.) og vildi Jónas umbæta allt og umturna öllu eins og þeir; þá kom það fyrir að Skeving sagði í viðtalinu optar en einu sinni: “til dæmis”, en Jónas leiðrjetti han í hvert sinn: “til að mynda”, þangað til Skeving leiddist, svo hann setti eitthvað ofan í við Jónas. “

Þessi texti úr Dægradvöl sýnir að ekki voru þeir einhuga um íslenska tungu eða fræðin kennarar og nemendur í Bessastaðaskóla.

Hollt er að minnast þess nú í upphafi málþings Mímis að arfurinn úr Bessastaðaskóla er ekki aðeins fólgin í orðsnilld Sveinbjarnar Egilssonar og nemenda hans, skálda, málvísindamanna og náttúrufræðinga, heldur líka í hinum skarpa ágreiningi um hvað væri rétt og hvað hefði gildi fyrir tungu okkar og bókmenntir.

Hinir alþjóðlegu straumar bárust úr ýmsum áttum og Benedikt Gröndal lýsir einnig skemmtilega því róti sem komst á hugmyndir skólasveina þegar Grímur Thomsen skrapp ungur heim frá Kaupmannahöfn og bar með sér nýja strauma. Ræddi Grímur, sem síðar varð reyndar bóndi á Bessastöðum, ekki aðeins áhrif Grikkja og Rómverja heldur tók líka til við að kenna nemendum frönsku og þýska heimspeki.

Segir Gröndal svo frá:

„Grímur hafði töluvert lagt sig eptir heimspeki Hegels og sló mikið í kringum sig með logik; lenti honum þá saman við Gunnlaugsen stundum og disputeruðu þeir opt svo að Gunnlaugsen gleymdi að fara heim. - Grímur var vel máli farinn og flækti fram og aptur, en Gunnlaugsen krítaði út öll borð og gólf með mathematiskum formúlum; þeir skildu ætíð svo að hvorugur ljet undan. Heimspekilærdómur Gríms hafði mikil áhrif á Eirík Jónsson, og má vera að hann hafi siglt einmitt upp úr því; Eiríkur var skarpur og fór þá í óða kappi að leggja sig eptir ritum Sören Kirkegaards og fleirum; en þegar hann kom út, komst glundroði á allt þetta. Mest áhrif gerði Grímur með lotningu sinni fyrir Byron, einkum hjá Gísla, en á mig hafði þetta minni áhrif. (Grímur var ákaft hrifinn af Bjarna Thorarensen og hefur ritað um hann á dönsku í “Gæa”; hann hafði það sí og æ á vörum við okkur: “Bjarni Thorarensen er skáld, en Jónas Hallgrímsson ekki

skáld”. Grímur hefur, að minnsta kosti þá haft undarlega skoðun á skáldskap. - Og þó ekki. - Bjarni var háfleygt hugsjónaskáld, en hirti síður um formið; Jónas var allur í forminu, en hafði ekki stórar hugsjónir - þess vegna er látið svo mikið með hann, af því að vor hugsjónafátæku smáskáld geta fylgt honum, en ekki Bjarna).”

Þegar Mímir efnir nú til afmælistálfings er gagnlegt að velta því fyrir sér að hafi vagga íslenskra fræða verið í Bessastaðastofu á fyrri hluta síðustu aldar þá var móðurmjólkin vissulega bragðbætt með margvíslegum alþjóðlegum áhrifum.

Á okkar dögum er þó enn frekar nauðsynlegt að íslensk fræði séu jafnan samofin hinu vísindalega samfélagi sem nær um veröld víða. Í umróti breytinga sem nánast daglega færa okkur nýja sýn er mikilvægt að ræktun tungunnar og fræða sem henni eru helguð haldi takti við þá nýsköpun reynslunnar sem mótar ört þjóðir jafnt og einstaklinga.

Það eru nú viðurkennd sanninda að hugvitið sé uppspretta flestra framfara og vaxandi auðlegðar þjóða. Grundvöllur hugvitsins er hinsvegar hugsunin sjálf, hugsunin sem tungumálið skapar og breytir.

Íslensk tunga er því enn frekar nú en áður lykill að farsælli framtíð þjóðarinnar, auðlegð okkar og bættum líf skjörum. Í árdaga Bessastaðaskóla var tungan og íslensk fræði sú frjó mold sem fóstraði hugmyndagróður sjálfstæðisbaráttunnar. Í árdaga nýrrar aldar verður hún að veita okkur sífellt fjölþættari efnivið svo við lútum ekki í lægra haldi í samanburði við aðra.

Íslensk fræði verða því að beina athygli sinni að þeirri ögrun sem fellst í nýrri heimsmynd. Þótt sjóður fortíðarinnar geti vissulega verið fróðlegt viðfangsefni er hann fyrst og fremst dýrmætur sem efniviður í nýjan skilning og leiðsögn sem okkar litla þjóð þarf á að halda í ölduróti umbreytinganna.

Þessa ósk mína langar mig að lokum að rökstyðja með tilvitnun í Íslenzka menningu eftir Sigurð Nordal. Í forspjalli ritsins reifar Sigurður þá vegvísa sem best geta dugað okkur Íslendingum til að skilja stöðu okkar, sögu og menningu. Þar segir:

„ Þá er Íslendingum tvímælalaust hollt og lærdómsríkt að hugsa stundum um, hvað aðrar þjóðir fýsi helzt að vita um þá og meti nokkurs. Það fær þeim mælikvarða í hendur til þess að greina hið algilda eða

sjálfgilda í sögu sinni og menningu frá hinu, sem hefur orðið ómaklega venjugilt í einangrun þeirra og fásinni. Með því að skoða sögu Íslendinga úr hæfilegum fjarska má betur koma auga á hið mikilvæga í samanburði við það, sem smávægilegt er. Í nálægðinni raskast þau hlutföll einatt. Af henni leiðir nærsýni, svo að varla sést, hver munur er á hundapúfum, hólum og fjöllum. Íslendingar mega vel við og við minnst orða Snorra í formála Ólafs sögu helga: „ef utan lands kemur sjá frásögn” - og hugleiða, hvað í öllum fróðleiksdyngjunum sé hlutgengt með öðrum þjóðum og ætti skilið að vera þáttur í almennri menntun. Þetta á í senn að skoða með þeim metnaði Jóns Sigurðssonar, að vér höfum eitthvað að segja frá, sem geti verið „lærdómsríkur þáttur veraldarsögunnar”, og hófsömu viti hans, að saga vor verði þetta því að eins, að hún „takist vel”, rétt sé valið og á haldið.”

Með tilvísun til þessarar brýningar úr forspjalli ritsins Íslenzk menning eftir Sigurð Nordal færi ég Mími hamingjuóskir á merkum tímamótum og óska ykkur velfarnaðar ekki aðeins á þessu málþingi heldur einnig um ókomin ár.